

Starfsemi

Héraðsskjalasöfn eru sjálfstæð opinber skjalasöfn undir faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Héraðsskjalasöfn starfa í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess sem ýmis önnur lög og reglur hafa áhrif á starfsemi og rekstur þeirra. Rekstur héraðsskjalasafna er á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa. Héraðsskjalasöfn hafa ábyrgðarmikið hlutverk þegar horft er til rekjanleika og gagnsæis í stjórnsýslu sem og réttindum almennings.

Héraðsskjalasafn Akraness er rekið af Akraneskaupstað og er Ljósmyndasafn Akraness deild í skjalasafninu. Þá heldur skjalasafnið einnig utan um skráningu og umsýslu á listaverkæign kaupstaðarins. Héraðsskjalasafnið heyrir undir Menningar- og safnanefnd og forstöðumann menningar- og safnamála.

Í byrjun árs sagði Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir héraðsskjalavörður starfi sínu lausu og lét hún af störfum í lok febrúar eftir þrettán ár í starfi. Eru henni hér færðar þakkir fyrir störf sín á skjalasafninu. Tekin var sú ákvörðun að ráða ekki strax í stöðu héraðsskjalavarðar heldur skoða hverjir möguleikar í framtíðarrekstri Héraðsskjalasafnsins væru. Sú vinna drógst á langinn og náðist ekki að klára hana á árinu. Þá fékkst heimild til að ráða í starf héraðsskjalavarðar tímabundið í eitt ár og var Erlu Dís Sigurjónsdóttur, skjalaverði við safnið, boðin staðan frá áramótum.

Á árinu fækkaði stöðugildum við skjalasafnið. Í janúar og febrúar voru tveir starfsmenn í 1,75 stöðugildum. Í mars og apríl var einn starfsmaður í 0,75 stöðugildi. Í maí og júní var einn starfsmaður í einu stöðugildi og frá júlí – desember var einn starfsmaður í hálfu stöðugildi. Við deild ljósmyndasafns var einn starfsmaður, Nanna Þóra Áskelsdóttir, í hálfu stöðugildi allt árið.

Þrátt fyrir fækkun á stöðugildum og lokanir vegna Covid-19 heimsfaraldurs hluta ársins tókst að halda starfseminni tiltölulega óskertri. Tekið var við fyrirspurnum og erindum og skjöl voru móttækin. Starfsmenn gátu unnið á sínum starfsstöðum og sinnt sínum störfum þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Bæði afhendingum og fyrirspurnum til safnsins fjölgaði frá árunum á undan. Sökum samkomutakmarkana var ekki hægt að halda úti vikulegum greiningarfundum Ljósmyndasafns með eldri borgurum á árinu.

Eftirlit og ráðgjöf

Lítið var um eftirlitsheimsóknir á árinu 2020 sökum COVID-19. Þó náðist að samþykkja tvær skjalavistunaráætlanir sem unnar höfðu verið með forstöðumönnum viðkomandi stofnana árið á undan. Í janúar var samþykkt skjalavistunaráætlun fyrir Tónlistarskóla Akraness og í nóvember fyrir Bókasafn Akraness. Stefnt er að endurskoðun á skjalavistunaráætlunum leikskólanna á Akranesi á nýju ári þar sem þær eru ýmist að renna út eða komið að endurskoðun þeirra.

Tekið var á móti 349 fyrirspurnum og erindum á árinu, ýmist í formi símtala, tölvupósta eða heimsókna. Þá voru 220 frá opinberum aðilum og 129 frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum. Héraðsskjalasafnið leggur mikinn metnað í að svara fyrirspurnum og erindum eins fljótt og mögulegt er. Þá er einkar mikilvægt fyrir stofnanir kaupstaðarins að fá fyrirspurnir sem sendar eru til héraðsskjalasafnsins afgreiddar hratt og örugglega því í flestum tilfellum eru fyrirspurnir sem berast safninu frá opinberum aðilum.

Á árinu var unnin eftirlitskönnun á skjalavörslu og skjalahaldi afhendingarskyldra aðila Akraneskaupstaðar og verður könnunin send á alla forstöðumenn og sviðsstjóra í byrjun árs 2021. Um er að ræða rafræna eftirlitskönnun þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu skjalamála hjá

stofnum kaupstaðarins. Unnið verður úr niðurstöðum könnunarinnar og í kjölfarið farið yfir niðurstöður með forstöðumönnum ef þörf þykir.

Afhendingar

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 ber héraðsskjalasöfnum að halda aðfangabók. Í aðfangabók skal skrá ártal afhendingar, aðfanganúmer, nafn afhendingaraðila, nafn skjalamyndara, innihald afhendingar og stærð afhendingar í hillumetrum.

61 skjalaafhending barst skjalasafninu á árinu, alls 18 hillumetrar. Þar af voru 25 afhendingar frá skilaskyldum stofnunum Akraneskaupstaðar, alls 11 hillumetrar. Af þessum 18 hillumetrum af skjölum er aðeins 1,5 meter enn óskráður.

Skráning skjala

Eins og undanfarin ár voru verkefni á héraðsskjalasafninu fjölbreytt og margþætt. Þrátt fyrir heimsfaraldur minnkuðu umsvifin ekki og fjölgaði afhendingum skjala frá árinu á undan (61 afhending árið 2020 og 44 afhendingar árið 2019).

Við skráningu á skjölum ber að fylgja stöðlum Alþjóða skjalaráðsins ICA. Staðlarnir eru ISAD-G og ISAAR auk ISDIAH. Notkun staðla tryggir ákveðið verklag og samræmi í vinnubrögðum. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og þau skjöl sem tilheyra viðkomandi afhendingarnúmeri. Þessar upplýsingar eru svo settar fram í greinargerð sem fylgir hverri afhendingu. Skýrslugerð er hluti af því að skrá og ganga frá skjalasafni. Við skráningu skjala þarf einnig að fylgja upprunareglu sem er undirstaða í nútíma skjalavörslu.

Áframhaldandi vinna var við að færa til afhendingar í geymslu og koma fyrir á réttum stað og merkja samkvæmt afhendingarnúmerum (skv. aðfangabók). Núna eru afhendingar frá árinu 2010-2020 rétt skráðar samkvæmt stöðlum og reglum, þó er enn hluti ófrágenginn en merktur rétt samkvæmt afhendingarnúmeri og á réttum stað í hillu. Afhendingar sem eru eldri á enn eftir að skrá samkvæmt skjalastöðlum og margar á eftir að ítarskrá og er það nauðsynlegt verk til að auka aðgengi að skjölum. Tiltekt og tilfæringar í geymslu munu halda áfram og er það verkefni sem gengur hægt þar sem það er unnið til hliðar með öðrum verkum.

Miðlun

Miðlun skjala og ljósmynda er hluti af verkefnum héraðsskjalasafna. Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er kveðið á um miðlun á mikilvægum skjölum svo sem á vef eða með öðrum hætti. Þá eiga héraðsskjalasöfn að veita fræðslu um sögu þjóðar og byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra. Héraðsskjalasafn Akraness er ekki með heimasíðu en stefnt er að því að setja upp heimasíðu fyrir safnið á árinu 2021. Héraðsskjalasafnið mun sækja um miðlunarstyrk til Þjóðskjalasafns Íslands í byrjun árs 2021 og er sá styrkur ætlaður í ljósmyndun og miðlun á elstu skjölum safnsins.

Ljósmyndasafnið er með miðlunarvef sem unnið hefur verið að endurbótum á allt árið. Vefurinn hefur því verið að mestu óvirkur frá árinu 2019, bæði innri- og ytri vefur. Vonast er til að nýr og endurbættur vefur ljósmyndasafns verði tilbúinn snemma á árinu 2021. Þá hafa greiningarfundir sem ljósmyndasafnið heldur vikulega legið niðri á árinu.

Húsnæði

Héraðsskjalasafnið er staðsett að Dalbraut 1 og skiptist í skrifstofurými, samtals 59,3 fm, og skjalageymslu, samt.79,7 fm. Skjalasafnið deilir húsnæði með Bókasafni Akraness og er geymslurými safnana sameiginlegt og hefur bókasafnið yfir að ráða 46,7 fm. Í þessum sameiginlegu geymslum safnana eru skjalaskápar sem skiptast á milli Héraðsskjalasafns og Bókasafns. Skjalaskápar skjalasafnsins eru læstir og aðgangsstýrðir og aðeins héraðsskjalavörður hefur aðgang að þeim. Listaverkasafn Akranesskaupstaðar er einnig staðsett í hluta af skjalageymslum skjalasafns. Skjalageymslur Héraðsskjalasafns rúma 1134 hillumetra og hluti Bókasafns rúmar 756 hillumetra en hillumeter (hm) er mælieining fyrir stærð skjalasafna í skjalavörslu. Heildarumfang pappírsskjala í vörslu skjalasafnsins eru tæplega 830 hm. Þar af eru óskráðir hillumetrar í kringum 298.

Samstarf

Héraðsskjalasafn Akraness hefur lagt mikinn metnað í að eiga í góðu samstarfi og samskiptum við önnur skjalasöfn á landinu. Gott samstarf héraðsskjalasafna eykur fagleg vinnubrögð á söfnunum og er það mikill ávinningur, sérstaklega fyrir smærri söfn sem eru með fáa starfsmenn.

Í mars 2019 undirrituðu héraðsskjalaverðir fimm safna samstarfssamning sín á milli. Þessi söfn eru Héraðsskjalasafn Akraness, Héraðsskjalasafn Austur Skaftafellssýslu á Höfn, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Kópavogs og Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar. Þar sem samstarf þessara fimm safna hafði aukist til muna og falist að miklu leyti í fræðslu- og fundarhaldi var ákveðið að gera samstarfið formlegt og tryggja enn frekar að þessi söfn geti tekist á við þau fjölmörgu verkefni sem þeim ber samkvæmt lögum. Helstu verkefni ársins voru að horfa til langtímavörslu rafrænnar skjalavörslu. Horft var til tilkynninga á rafrænum gagnasöfnum, móttöku á vörsluútgáfum og sameiginlegs móttökuværkstaðis þegar kemur að afhendingu sveitarfélaga á vörsluútgáfum. Einnig voru ýmsir verkferlar rýndir. Stærsta verkefni ársins í þessari samvinnu var rafræn eftirlitskönnun á skjalamálum sveitarfélaga sem unnin var í sameiningu. Engar fjárhagslegar skuldbindingar fylgja þessu samstarfi en fjárhagslegur ávinningur er mikill þegar horft er til þess að söfnin njóta góðs af sérfræðipækkingu og sérfræðipjónustu hvers annars.

Ekki hafa starfsmenn safnana náð að hittast eins oft og vilji hefur verið til á árinu. Í janúar fóru starfsmenn héraðsskjalasafna saman á námskeið hjá Staðlaráði Íslands um Innri úttektir og í september hittust þeir á fundi á Akranesi. Þess utan hefur verið fundað á Teams og í gegnum fundarsíma Símans.

Akranesi, mars 2021

Erla Dís Sigurjónsdóttir, héraðsskjalavörður